

3. gr.

Iðnaðarráðherra skal skipa fulltrúa Íslands í stjórn sjóðsins svo og einn varamann. Menn þessir skulu skipaðir til þriggja ára í senn.

4. gr.

Iðnaðarráðherra skipar fimm menn í framkvæmdastjórn sjóðsins eftir tilnefningu eftirtalinna aðila: Seðlabanka Íslands, Landsbanka Íslands, Iðnaðarbanka Íslands h.f. og Iðnlánasjóðs, sem hver tilnefnir einn mann, og Útvegsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, sem tilnefna einn mann sameiginlega. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt, og skal skipunartími aðalmanna og varamanna vera þrjú ár. Ráðherra skipar formann framkvæmdastjórnar, en hún skiptir með sér verkum að öðru leyti.

5. gr.

Stjórn sjóðsins ræður honum framkvæmdastjóra að fengnum tillögum framkvæmdastjórnarinnar.

6. gr.

Sjóðurinn er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs og sveitarsjóða á sama hátt og Seðlabanki Íslands.

Sjóðurinn er og undanþeginn stimpilgjaldi af fjárskuldbindingum, sem hann kann að taka á sig.

7. gr.

Iðnaðarráðherra getur, að tillögu stjórnar sjóðsins, sett með reglugerð nánari ákvæði um rekstur sjóðsins.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. marz 1970.

Fylgiskjal.

Samningur um norrænan iðnþróunarsjóð fyrir Ísland.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar hafa ákveðið í sambandi við aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu (EFTA) að stofna norrænan iðnþróunarsjóð fyrir Ísland og hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. Tilgangur.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að tækni- og iðnþróun Íslands við aðild Íslands að EFTA og auðvelda aðlögun iðnaðarins í því sambandi. Sjóðurinn skal stuðla að þróun útflutningsiðnaðar á Íslandi og leggja áherzlu á aukna samvinnu á sviði iðnaðar og viðskipta milli Íslands og hinna Norðurlandanna. Enn fremur skal sjóðurinn notaður til að efla samkeppnishæfni íslenskra heimamarkaðsiðnaðarins.

2. Stofnfé.

Stofnfé sjóðsins skal vera jafnvirði 14 milljóna Bandaríkjadollara. Af stofnfénu skal hvert Norðurlandanna leggja fram eftirfarandi hluta:

	Milljónir Bandaríkjadollara
Danmörk	2.7
Finnland	2.7
Ísland	0.5
Noregur	2.7
Svíþjóð	5.4

Stofnféð skal lagt fram vaxtalaust til ráðstöfunar í jafnstórum árlegum fjárhæðum á 4 ára tímabili frá gildistökudegi samningsins.

Sjóðurinn skal innheimta framlögin hjá hinum norrænu ríkjum í samræmi við áðurgreiða skiptingu eftir því, sem starfsemi hans krefur.

Frá 10. ári skal sjóðurinn eftir nánari ákvörðun sjóðsstjórnarinnar endurgreiða vaxtalaust í áföngum á næstu 15 árum í samræmi við áðurgreiða skiptingu til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar jafnvirði framlaga þeirra. Skal endurgreiðslu þessara framlaga að fullu lokið að enduðum 25 árum frá stofnun sjóðsins.

Ábyrgð Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar á skuldbindingum sjóðsins er takmörkuð við hlutdeild þeirra í stofnfénu á hverjum tíma. Ísland er á sama hátt ábyrgt fyrir skuldbindingum sjóðsins með sínum hluta stofnfjárins og ber auk þess eitt ábyrgð á þeim skuldbindingum umfram stofnféð, sem sjóðurinn kann að taka á sig vegna ábyrgða sbr. 4. lið.

Þegar Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð eiga ekki lengur hlutdeild í stofnfé sjóðsins, samkvæmt áður nefndum ákvæðum um endurgreiðslu, fellur samningur þessi úr gildi, og sjóðurinn verður eign og undir stjórn íslenska ríkisins.

3. Gengisákvæði.

Reikningseining sjóðsins skal vera jöfn einum Bandaríkjadollar. Öll útlán sjóðsins skulu miðuð við þessa einingu.

4. Starfshættir.

Sjóðurinn starfar að verkefni sínu með því:

- a) Að veita lán til ákveðinna verkefna, annað hvort einn eða í samvinnu við aðra aðila.
- b) Að ábyrgjast lán, sem veitt eru af öðrum aðilum.

Fé til lánveitinga fær sjóðurinn af stofnfé sínu og tekjum og skulu lánveitingar ákveðnar í samræmi við viðurkennd bankaleg og efnahagsleg sjónarmið. Sjóðurinn skal stefna að því að tryggja eðlilega ávöxtun stofnfjárins og forðast ónauðsynlega áhættu.

Í sérstökum tilvikum er heimilt að veita lán með sérlega hagstæðum kjörum, eða framlög m. a. til tæknaðstoðar, rannsókna og markaðsathugana. Slík lán eða framlög mega samtals ekki nema meiru en 10% af stofnfénu.

Lán, framlög eða ábyrgðir má veita til fyrirtækja í einkaeign eða í eigu opiuberra aðila og til fjárfestingarlánasjóða, sem hafa sama tilgang og sjóðurinn.

Sjóðurinn skal hafa náð samstarf við íslenskar lánastofnanir, sem veita lán til iðnaðar.

5. Stjórn.

Sjóðurinn skal hafa stjórn, framkvæmdastjóra og framkvæmdastjórn. Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum, einum frá hverju landi. Varamaður skal skipaður fyrir hvern stjórnarmann. Stjórnin kys sér formann til eins árs í senn. Hver stjórnarmaður fer með eitt atkvæði. Til ákvörðunar þarf meiri hluta atkvæða og skal atkvæði íslenska stjórnarmannsins vera þar með.

Stjórnin tekur ákvarðanir um málefni sjóðsins. Stjórnin getur, eftir því sem hún telur heppilegt, falið framkvæmdastjórninni að taka ákvarðanir um starfsemi sjóðsins.

Framkvæmdastjórn skipa framkvæmdastjóri sjóðsins og fimm fulltrúar íslenska bankakerfisins.

Framkvæmdastjóri sjóðsins ber ábyrgð á ráðningu starfsfólks og daglegum rekstri.

Aðsetur sjóðsins er í Reykjavík. Seðlabanki Íslands skal veita sjóðnum nauðsynlega fyrirgreiðslu og starfsaðstöðu.

6. Sjóðsslit.

Ef aðstæður skapast, sem að verulegu leyti raska forsendum þessa samnings, skulu ríkisstjórnir Norðurlanda ráðgast hver við aðra um áframhaldandi starfsemi

sjóðsins. Ef ákveðið er að leggja sjóðinn niður, skulu ríkisstjórnirnar, að fengnum tillögum sjóðsstjórnar, taka ákvörðun um, hvernig farið skuli með fjárhagslegar skuldbindingar samkvæmt samningnum.

7. Gildistaka.

Samningurinn tekur gildi samtímis samningi um aðild Íslands að Friverzlunar-samtökum Evrópu (EFTA), þó í fyrsta lagi, þegar Norðurlöndin hafa afhent ríkisstjórn Íslands fullgildingarskjöl sín til vörslu.

Til staðfestingar þessu hafa eftirgreindir fulltrúar, samkvæmt sérstöku umboði, undirritað þennan samning í Reykjavík, hinn 12. desember 1969, í einu eintaki á dönsku. Samningsaðilar munu fljótlega, með því að skiptast á orðsendingum, koma sér saman um finnskan, íslenskan, norskan og sænskan texta, sem skulu vera jafngildir danska textanum.

Fyrir ríkisstjórn Danmerkur:
Birger Kronmann.

Fyrir ríkisstjórn Finnlands:
Pentti Suomela.

Fyrir ríkisstjórn Íslands:
Gylfi Þ. Gíslason.

Fyrir ríkisstjórn Noregs:
Christian Mohr.

Fyrir ríkisstjórn Svíþjóðar:
Gunnar Granberg.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eitt höfuðvandamálið í sambandi við hugsanlega aðild Íslands að Friverzlunar-samtökum Evrópu er, hvernig tryggja má gagnkvæmni í viðskiptum Íslands og hinna Norðurlandanna fjögurra. Viðskiptajöfnuðurinn milli Íslands og hinna Norðurlandanna sem heildar, hefur verið Íslandi óhagstæður. Afnáam tollverndar í viðskiptum með iðnaðarvörur hlýtur að verða hinum Norðurlöndunum hagstæðara en Íslandi, miðað við óbreytta samsetningu útflutningsins. Margar verndarvörur eru hér hátt tollaðar, en mikið af núverandi útflutningi Íslendinga til hinna Norðurlandanna er lítið tollaður þar. Til þess að jafna þessi met taldi ríkisstjórnin rétt að hreyfa þeirri hugmynd við ríkisstjórnir hinna Norðurlandanna, að þær auðvelduðu Íslendingum aðlögun að markaðsaðstæðum í Friverzlunarsamtökunum, með því að efla iðnþróun á Íslandi. Í sambandi við aðlögun iðnaðarins að markaði Friverzlunarsamtakanna og eflingu iðnþróunarinnar þurfa Íslendingar á verulegu fjármagni að halda. Ákvað ríkisstjórnin að stinga upp á því við ríkisstjórnir hinna Norðurlandanna, að öll Norðurlöndin kæmu upp iðnþróunarsjóði á Íslandi í þessu skyni.

Ríkisstjórnir hinna Norðurlandanna tóku þessari málaleitan mjög vel. Var samkomulag um, að stofnfé þessa sjóðs yrði 14 milljónir dollara eða 1 232 millj. kr. og skuli stofna sjóðinn um leið og Ísland gerist aðili að Friverzlunarsamtökunum. Var stofnsamningur, með þessum fyrirvara, undirritaður í Reykjavík 12. desember s. l. Er þar slegið föstu, að framlag landanna til sjóðsins yrði sem hér segir:

Danmörk	2.7 millj. dollara		
Finnland	2.7	—	—
Ísland	0.5	—	—
Noregur	2.7	—	—
Svíþjóð	5.4	—	—

Önnur atriði samningsins eru þau, að framlögin á að greiða með jöfnum árlegum upphæðum á fyrstu 4 árunum eftir að Ísland gerist aðili að Friverzlunarsamtökunum, eftir því sem starfsemi sjóðsins krefur. Á 11. ári frá stofnun sjóðsins skal sjóðurinn hefja endurgreiðslu á framlögum hinna Norðurlandanna, en þau eru vaxtalaus, og skal endurgreiðslum þeirra lokið í lok 25. starfsárs sjóðsins. Þá verður sjóðurinn eign íslenskra ríkisins og fellur samningurinn þar með úr gildi.

Sjóðurinn mundi veita lán til íslenskra iðnfyrirtækja og lánastofnana, sem vinna að sama markmiði og sjóðurinn, svo sem Iðnlánasjóður. Sjóðnum er ætlað að örva þróun útflutningsiðnaðar og jafnframt að styrkja samkeppnisaðstöðu þeirra iðngreina, sem keppa við innfluttar iðnaðarvörur. Sjóðurinn getur ábyrgt lán, sem aðrir aðilar veita iðnfyrirtækjum. Hann getur einnig veitt hagstæð lán eða framlög vegna tækniástoðar, rannsókna og til markaðsöflunar.

Gert er ráð fyrir, að stjórn sjóðsins skipi 5 menn, einn frá hverju landi, og hefur hún með höndum yfirstjórn sjóðsins. Sérstök framkvæmdastjórn hefur með höndum lánveitingar sjóðsins og aðra starfsemi hans, í samráði við stjórn hans, samkvæmt nánari ákvörðun hennar. Í framkvæmdastjórn yrðu auk framkvæmdastjóra 5 fulltrúar íslenskra peningastofnana. Framkvæmdastjórinn annast mannaráðningar og daglegan rekstur. Stofnsamningurinn tekur gildi, þegar hin Norðurlöndin hafa fullgilt aðildarsamning Íslands við Friverzlunarsamtökin og fyrir liggur nauðsynleg lagasetning.

Nú er Alþingi hefur samþykkt aðild að samtökunum, sem tekur væntanlega gildi 1. marz n. k., er tímabært að setja sjóðnum lög.

Í frumvarpinu er að finna nauðsynleg ákvæði um staðfestingu á efni samningsins og ákvæði um lagalegt gildi hans hér á landi. Verður samningurinn hluti af lögum sjóðsins, enda myndar samningurinn grundvöll sjóðsins um fjármögnun hans, starfshætti og stjórn.

Til viðbótar eru í frumvarpinu nauðsynleg ákvæði um heiti sjóðsins, skipun í stjórn og framkvæmdastjórn o. fl. og ákvæði um sérréttindi honum til handa.

Sú löggjöf, sem hér er sett um sjóðinn, getur gilt fyrstu 25 árin í starfi hans, þ. e. gildistíma samnings landanna um sjóðinn meðan hann er í sameign þeirra. Að þeim tíma loknum, ef starfsemin heldur áfram, er nauðsynlegt að setja sjóðnum ný lög undir alinnlendri stjórn án erlendra aðildar.

Gert er ráð fyrir því, að í fjárlögum verði aflað heimilda fyrir árlegum framlögum Íslands til sjóðsins, sbr. nýafgreidd fjárlög fyrir 1970.

Í fylgiskjali I með athugasemdum þessum, er gerð grein fyrir útlánum sjóðsins.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. og 2. gr.

Í 1. gr. er leitað heimildar fyrir ríkisstjórn til að staðfesta samninginn.

Texta samningsins þarf að birta í A-deild Stjórnartíðinda með frumvarpinu ef að lögum verður.

Þess ber að geta, að ekki er hentugt að taka upp hið erlenda heiti sjóðsins hérlendis, og varð niðurstaðan að nefna hann hér Iðnþróunarsjóð, sbr. 2. gr.

Það er gert ráð fyrir því, að Seðlabankinn veiti sjóðnum nauðsynlega fyrirgreiðslu og starfsaðstöðu.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Frá upphafi hefur verið gengið út frá því, að þær peningastofnanir, sem framar öðrum hafa veitt iðnaðinum lán, skuli eiga fulltrúa í framkvæmdastjórn sjóðsins.

Um 5.—8. gr.

Þarfnast ekki sérstakra skýringa. Í 6. gr. fær sjóðurinn sambærileg sérréttindi og bankar og sjóðir í rikiseign búa við.

Gert er ráð fyrir því, að sjóðurinn geti tekið fljótlega til starfa þegar aðildarsamningur Íslands við Friverzlunarsamtökin hefur náð fram að ganga og að stjórn, framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóri hefji störf væntanlega 1. marz n. k., við gildistöku laganna.

Fylgiskjal I.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Hagfræðideild

Janúar 1970.

Um útlán Iðnþróunarsjóðs.

Gerð hefur verið áætlun um starfsemi hins nýja Iðnþróunarsjóðs fyrstu 25 árin frá stofnun hans. Þar sem sjóðurinn hefur enn ekki hafið starfsemi sína og engar ákvarðanir hafa því verið teknar um lánskjör eða annað, er varðar rekstur hans, hefur í þessari áætlun orðið að byggja á gefnum forsendum, er kunna að reynast rangar í ýmsum atriðum. Engu að síður ætti áætlunin að gefa nokkuð góða mynd af líklegri þróun í fjármálum sjóðsins á þeim 25 árum, sem hún nær til. Við gerð áætlunarinnar hefur verið farið eftir fyrirmælum samnings um Norrænan iðnþróunarsjóð fyrir Ísland, sem undirritaður var í Reykjavík 12. desember 1969. Skv. 2. grein samningsins er gert ráð fyrir, að stofnfé sjóðsins verði greitt á 4 árum í jafnstórum upphæðum, en jafnframt segir einnig í 2. grein: „Sjóðurinn skal innheimta framlögin hjá hinum norrænu ríkjum í samræmi við áðurgreinda skiptingu eftir því sem starfsemi hans krefur“.

Þar sem gera verður ráð fyrir, að það taki iðnaðinn nokkurn tíma að gera áætlun um og undirbúa nýjar fjárfestingar og sömuleiðis þurfi væntanlegt starfslið sjóðsins tíma til að meta lánsþæfni umsókna, er í áætluninni gengið út frá, að á fyrstu 3 árunum greiðist 20% af stofnfé inn á hverju ári og á 4. ári 40%.

Varðandi útlán sjóðsins mælir 3. grein samningsins fyrir um, að öll útlán skuli vera með gengisákvæði. Slíkt er eðlilegt, þar sem hinn erlendi höfuðstóll á að endurgreiðast á 15 árum frá og með 11. starfsári sjóðsins. Með tilliti til gengisákvæða á útlánum sjóðsins hefur í áætluninni verið gengið út frá vaxtakjörum á lánum sjóðsins, sem eru hagstæðari en nú gerist um fjárfestingalán til iðnaðarins. Gert er ráð fyrir, að almenn útlán sjóðsins verði til 10 ára, en hin sérstöku lán, sem í áætluninni eru talin, nema 5% af stofnfé sjóðsins til 15 ára.

Í 4. grein samningsins segir m. a. um almenn útlán sjóðsins, að lánveitingar skuli ákveðnar í samræmi við viðurkennd bankaleg og efnahagsleg sjónarmið. Sjóðurinn skuli stefna að því að tryggja eðlilega ávöxtun stofnfjárins og forðast ónauðsynlega áhættu.

Auk þeirra lána, sem kalla má almenn lán og ofangreind fyrirmæli gilda um í 4. grein, er heimild til að veita í sérstökum tilvikum lán með óvenjulega hagstæðum kjörum eða framlög m. a. til tækniástoðar, rannsókna og markaðsathugana. Slík lán eða framlög eru bundin við hámark 10% af stofnfé.

Tafla 1 sýnir áætlaðan höfuðstól sjóðsins á 5 ára fresti og jafnframt skiptingu hans í a. erlent stofnfé, b. hið íslenska stofnfjárframlag og c. varasjóð, sem myndast af greiðsluafgani sjóðsins og telst til eignar Íslands. Taflan sýnir einnig hlutfallslega skiptingu sjóðsins í hina 3 hluta. Hin hæga myndun varasjóðsins fyrstu 5 starfsárin skýrist af því að á þessum árum er áætlað, að greidd séu út framlög að upphæð kr. 61.6 milljónir, og er gert ráð fyrir, að heimild 4. greinar samningsins um slík framlög verði fullnotuð á þessum árum.

Tafla 1. Áætluð skipting höfuðstóls.

	Eftir 5 ár		Eftir 10 ár		Eftir 15 ár		Eftir 20 ár		Eftir 25 ár	
	M.kr.	%	M.kr.	%	M.kr.	%	M.kr.	%	M.kr.	%
a. Erlent stofnfé ..	1 188.0	93.8	1 188.0	75.5	712.8	47.3	316.8	22.2	—	—
b. Ísl. stofnfé	44.0	3.5	44.0	2.8	44.0	2.9	44.0	3.1	44.0	3.2
c. Varasj. í eign Ísl.	34.8	2.7	340.8	21.7	750.8	49.8	1 067.0	74.7	1 311.6	96.8
Samtals	1 266.8	100	1 572.8	100	1 507.6	100	1 427.8	100	1 355.6	100

Á 11. ári hefjast endurgreiðslur á hinu erlenda stofnfé og nema þær kr. 79.2 milljónum á ári hverju og valda þær því, að höfuðstóllinn fer nokkuð lækkandi frá þeim tíma. Að öðru leyti þarfnast taflan ekki skýringar.

Við gerð áætlunar um útlán sjóðsins voru höfð tvenn meginsjónarmið í huga. Í fyrsta lagi var stefnt að stöðugri aukningu hinna almennu útlána sjóðsins og reynt að koma í veg fyrir sveiflur þeirra, og í öðru lagi þurfti að haga útlánum þannig, að frá og með 11. ári yrði á ári hverju nægilegt handbært fé til að endurgreiða hið erlenda stofnfé, tæplega 80 milljónir króna á ári hverju, með sem minnstum truflunum á almennum útlánum. Það leiðir af líkum, að vegna þessara meginsjónarmiða hefur sjóðurinn á ýmsum tímum verulegt fjármagn handbært, þótt mismunandi mikið sé á hverjum tíma. Þetta er einnig eðlilegt, þegar tekið er tillit til þess, að í 4. grein stofnsamningsins er gert ráð fyrir, að sjóðnum sé heimilt að ábyrgjast lán, sem veitt eru af öðrum aðila, og verður því nauðsynlegt fyrir sjóðinn að hafa handbært fé til greiðslu vegna ábyrgða, ef til kæmi að þær féllu á sjóðinn. Þess ber að geta, að þegar hér er talað um handbært fé eru meðtalin stutt lán, sem áætlað er að veita og koma iðnaðinum til góða í formi fjármögnunar útflutnings og samkeppnislána, en eru ekki meðtalin í útlánatölum þeim, sem sýndar eru í 2. töflu.




Tafla 2. Áætluð útlán.

Tímabil	Útlán alls M.kr.	Meðalútlán á hverju ári. M.kr.
1.—5. starfsár	1 373.2	274.6
6.—10. —	1 050.0	210.0
11.—15. —	1 175.0	235.0
16.—20. —	1 270.0	254.0
21.—25. —	1 175.0	235.0
1.—25. starfsár samtals	6 043.2	241.7

Tafla 2 sýnir áætluð útlán á hverju 5 ára starfstímabili sjóðsins, bæði heildarútlán tímabilsins og meðalútlán á hverju ári. Eins og eðlilegt er verða útlánin mest á fyrstu 5 starfsárum sjóðsins, en í þeirri tölu eru auk almennra útlána meðtalin sérstök lán og framlög sbr. 4. grein samningsins og sjá einnig hér að ofan, en gert er ráð fyrir, að heimild 4. greinar samningsins um slík lán og framlög verði fullnotuð á þessum 5 árum. Að öðru leyti þarfnast taflan ekki skýringa.

Áætlun hefur ekki verið gerð til lengri tíma en 25 ára, en starfi sjóðurinn áfram, yrði unnt að auka að mun útlánin eftir 25. starfsár, þar sem þá fellur út hin árlega endurgreiðsla af erlendu stofnfé.

ÍÐNÞRÓUNARSJÓÐUR Áætluð skipting höfuðstóls

-  Stofnframlag Norðurlanda
-  Stofnframlag Íslands
-  Varasjóður í eign Íslands

